

Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 10. ágúst 2026
Mál nr. 2606060 U.V.H.

Efni: Umsögn um forsamráð um efnistöð grænbókar um fjarskipti og netöryggi

Á 1285. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 10. ágúst 2026 var umsagnarbeiðni um forsamráð um efnistöð grænbókar um fjarskipti og netöryggi, mál nr. S-138/2026 í samráðsgátt stjórnvalda, tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð Húnaþings vestra fagnar því að innviðaráðuneytið leiti snemma eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila og styður heilshugar þá samþættu nálgun sem lögð er til í forsamráðsskjali ráðuneytisins. Ráðið telur afar mikilvægt að fjarskipti og netöryggi séu meðhöndluð sem nátengdir og samofnir málaflokkar, enda er rekstraröryggi og áfallapol fjarskiptainnviða undirstaða stafræns öryggis og trausts í nútímasamfélagi.

Varðandi kafla 6.2 um stöðu fjarskiptainnviða og næsta áfanga vill byggðarráð leggja ríka áherslu á að þótt opinber tölfraði sýni mikinn árangur í uppbyggingu og útbreiðslu háhraðafjarskiptaneta, gefa þær mælingar oft afbakaða mynd af raunveruleikanum. Mælingar á dreifikerfum og farnetsþekju eru gjarnan framkvæmdar við bestu mögulegu skilyrði á völdum stöðum, en staðan breytist til hins verra þegar komið er út fyrir þau svæði eða þegar notendur eru á ferðinni um dreifbýli, tengivegi og inn til dala. Íbúar og atvinnurekendur á landsbyggðinni búa við að afar slæma og óreiðanlega þjónustu, þrátt fyrir að opinberar skýrslur sýni fullnægjandi dekkun. Grænbókin verður að taka á þessu misræmi og tryggja að framtíðarstefna stjórnvalda byggji á raunhæfu og lifandi stöðumati en ekki einungis tæknilegum mælingum sem framkvæmdar eru við kjöraðstæður.

Þá vill byggðarráð gera alvarlegar athugasemdir við þau áform sem lýst er í kafla 6.4 um útfösun eldri fjarskiptakerfa. Það er skýr afstaða ráðsins að útfösun eldri kerfa megi aldrei eiga sér stað fyrr en fullkomlega er tryggt að nýrri kerfi, svo sem ljósleiðari eða 4G og 5G eða nýrri farnet, hafi náð nákvæmlega sömu eða betri landfræðilegri dekkun og áreiðanleika og eldri kerfin buðu upp á. Ekki má fella úr gildi eldri innviði á grundvelli þess að nýrri tækni sé tekin við ef hún nær ekki til allra sömu notenda og áður nutu þjónustunnar. Þetta á sérstaklega við um öryggisþætti, svo sem aðgengi að neyðarsímtölum í gegnum 112 og virkni öryggisbúnaðar og M2M-tækja í dreifbýli.

Í þessu samhengi bendir byggðarráð á rétt neytenda til alþjónustu samkvæmt 1. mgr. 62. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022, þar sem mælt er fyrir um að neytendum skuli tryggður aðgangur á viðráðanlegu verði að nothæfri netaðgangshjónustu og símaþjónustu á lögheimili eða aðsetri. Þótt alþjónusta sé tækniháð samkvæmt 2. mgr. 62. gr. sömu laga, má tæknileg útfösun eldri kerfa aldrei leiða til þess að íbúar í dreifðari byggðum standi eftir án raunhæfra samskiptatenginga. Jafnframt verður að virkja eftirlitsskyldu Fjarskiptastofu samkvæmt 3. mgr. 64. gr. sömu laga til að tryggja að fyrirhugaðar breytingar á aðgangsneti skerði ekki rétt landsbyggðarinnar til fullnægjandi fjarskiptaþjónustu. Sérstaklega þarf að

lita til ríkra öryggisskyldna sem hvíla á fjarskiptafyrirtækjum samkvæmt XII. kafla fjarskiptalaga nr. 70/2022, sérstaklega 78. gr. laganna, þar sem áfallapol og samfella mikilvægra innviða eru sett í forgrunn. Útfösun eldri kerfa má því aldrei rýra áfallapol eða öryggisstig.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við innviðaráðuneytið um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.